

Mætt: Hallur Jónasson, LeeAnn Maginnis, Signý Óskarsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson, Bryndís Hlöðversdóttir, María Einarsdóttir, Aagot Óskarsdóttir, Guðmundur Ólafsson og Maj-Britt H. Briem sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Jón Ólafsson, Andri Björgvin Arnþórsson, Ollý Björk Ólafsdóttir, Jón Freyr Jóhannsson, Viktor Freyr Elísson og Jón Ingi Smáráson.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
2. Markaðsmál. Brynjar Þór Þorsteinsson sat fundinn undir þessum lið.
 - a. Mannabreytingar í markaðsdeild.
 - i. Rektor greindi frá mannbreytingum í markaðsdeild. Brynjar Þorsteinsson mun leysa Davíð Olgeirsson af tímabundið og Magnús Smári Snorrason mun leysa af í alþjóðamálum tímabundið.
 - b. Stóri háskóladagurinn
 - i. Stóri háskóladagurinn tókst vel. Sigrún Hermannsdóttir hélt utan um bás Háskólans á Bifröst sem staðsettur var í Háskólabíói. Fín þátttaka nemenda en aðsókn hefði mátt vera meiri. Umræður.
 - c. Kynningar í framhaldsskólum
 - i. Kynningar í framhaldsskólum hafa gengið vel. Tillaga borin upp þess efnis að fá nemendur úr Fjölbrautaskóla Akraness og Menntaskóla Borgarfjarðar saman á Bifröst. Nýliðin kynning fyrir Menntaskólann á Laugum gekk vel og um 90 nemendur mættu og sýndu skólanum mikinn áhuga.
 - d. Fréttabréfið
 - i. Fréttabréf Háskólans á Bifröst er í vinnslu og lítur vel út.
 - e. Annað
 - i. Rektor og markaðsstjóri munu halda fund með nemendum til að virkja markaðssetningu og auglýsa skólann.
 - ii. Rektor greindi frá því að kynning á Háskólagáttinni sé að fara í gang og að halda þurfi vel utan um þær umsóknir sem berast.
 - iii. Umræður um átakið Bifrestingur í einn dag og hvernig best sé að því staðið.
3. Kennslumat haustannar 2012 og miðannarmat vorannar 2013
 - a. Signý Óskarsdóttir kynnti kennslumat haustannar 2012 og miðannarmat vorannar 2013. Þátttakan var ágæt og velviðunandi. Sviðin komu ágætlega út. Umræður um það hvernig sé tekið á því ef einkunn námskeiðs fari undir einkunnina 3. Signý skýrði frá því að í þeim tilfellum fari slíkt fyrir fagráð og sviðstjórar hafi í framhaldi sambandi við viðkomandi kennara. Signý nefnir að mikilvægt sé að skoða heildarmyndina þegar að námskeið eru metin þe. þátttöku, fjölda nemenda í námskeiði osfrv. Umræður um að efla þurfi þátttöku í kennslumati sérstaklega í meistaranáminu.
 - b. Innra gæðamat.
 - i. Fyrirspurn um innra gæðamat. Signý Óskarsdóttir greindi frá því að tveir hópar væru að störfum við innramat þ.e. hópar á félagsvísindasviði og viðskiptasviði. Allri gagnaöflun sé lokið en eftir

að skrifa drög að skýrslu. Ytri úttekt var frestað að beiðni úttektaraðila til ársins 2014.

4. Opnun yfir páska
 - a. Háskólaskrifstofan verður lokað í Dymbilviku. Kaffihús er opið. Bókasafn opið á mánudegi í Dymbilvikunni og starfsmaður á bakvakt á þriðjudegi og miðvikudegi. Rektor mun í framhaldi senda póst varðandi opnun um páska.
5. Önnur mál
 - a. Rektorsstaða
 - i. Umsóknarfrestur v/stöðu rektors rann út 11.mars 2013. 7 umsóknir bárust og valnefnd gerir tillögu til stjórnar um ráðningu rektors.
 - b. Reglur um réttindi og skyldur nemenda við Háskólann á Bifröst
 - i. Reglum um réttindi og skyldur nemenda við Háskólann á Bifröst vísað til nemendafulltrúa Háskólaráðs til skoðunar og rýnis. Lee Ann Maginnis kemur reglum um réttindi og skyldur nemenda áfram til miðstjórnar.
 - c. Spurt um aðgangsstýringar fyrir útidyrhurðar.
 - i. Tekin var ákvörðun um aðgangsstýringar fyrir útidyrhurðar sem hefur verið framfylgt en aðgangsstýringar eru þó ekki virkar. Stefán Sveinbjörnsson tekur þetta til athugunar.
 - d. Tillaga um að sótt verði um að gamli skólinn verði friðaður.
 - i. Stefán Sveinbjörnsson mun skoða þessa tillögu og meta kosti hennar og galla.
 - e. Grænfáninn
 - i. Umræður um það hvort sækja eigi um Grænfánann. Verður skoðað.
 - f. Opnunartími á kaffihúsinu
 - i. Nemendur vilja hafa rýmri opnunartíma yfir próf og í misserisverkefnavinnslu. Umræður um kostnað og opnunartíma fyrir fáa nemendur. Ítrekað að opnunartíminn sé skýr og vellauglýstur. Stefán Sveinbjörnsson skoðar málið.
 - g. Hraðstefnumót við frambjóðendur.
 - i. Fimmtudaginn 21. mars mun stjórnmalaklúbbur Bifrastar standa fyrir hraðstefnumóti við frambjóðendur allra flokka. Fundurinn verður haldinn í Hriflu.

Fundi slitið kl. 15:23